

Múlaþing  
Lyngáasi 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 17.1.2025  
UST202402-116/F.T.  
08.14.02

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 4.11.2024, þar sem fram kom að frávík hefði verið skráð í eftirliti á urðunarstað Múlaþings að Brandsbölum í Borgarfirði eystri þann 8.8.2024. Þann 29.11.2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:

- Gr. 1.2 í starfsleyfi. Á urðunarstað var til staðar jarðvegsefni bundið biki, sem samræmist ekki móttökuskilyrðum starfsleyfis (sjá nánar umfjöllun í skýrslu). **Rekstraraðili hefur fundið efninu farveg hjá viðeigandi móttökuaðila sem er með starfsleyfi til að endurvinna slíkan úrgang. Stefnt er að því að flytja úrganginn af svæðinu á vormánuðum 2025 þar sem snjór á svæðinu komi í veg fyrir að það sé gert að svo stöddu.**

**Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna fráviksins verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur